

Lög foreldrafélagsins.

1.gr. Félagið heitir Foreldrafélag Lundarskóla. Félagar eru foreldrar og forráðamenn nemenda í skólanum.

2.gr. Markmið félagsins eru:

- ✓ Að stuðla að velferð og vellíðan nemenda í skólanum.
- ✓ Stuðla að góðu samstarfi milli foreldra/forráðamanna og skólans.
- ✓ Vera samráðsvettvangur foreldra/forráðamanna.
- ✓ Koma á framfæri sjónarmiðum foreldra/forráðamanna varðandi skóla, menntun og uppeldismál.

3.gr. Til að ná þessum markmiðum hyggst félagið m.a.:

- ✓ Þjóða skólastjórnendum reglulega á stjórnarfundum til skoðanaskipta varðandi hvað eina sem varðar skólann.
- ✓ Gæta hagsmuna nemenda varðandi aðbúnað og öryggi í og við skólann.
- ✓ Halda fræðslu- og eða umræðufundi um uppeldis- og skólamál.
- ✓ Styðja við og aðstoða við félags- og tómsundastarf nemenda.
- ✓ Efla og styðja menningarlíf innan skólans, m.a. bókmenntir og listir.
- ✓ Efla og styðja samstarf heimilis og skóla.

4.gr. Stjórn félagsins er skipuð formanni, varaformanni, gjaldkera, ritara og tveimur meðstjórnendum. Hver stjórnarmeðlimur situr í tvö ár. Á hvert skulu því þrjú stjórnarmenn kostnir til tveggja ára. Kjörgengir eru allir meðlimir foreldrafélagsins. Stjórnin skiptir með sér verkum.

5.gr. Formaður boðar til stjórnarfunda með minnst 3 daga fyrirvara. Stjórnarfundur er ályktunarfær séu a.m.k. 2/3 hlutar stjórnar mættir. Stjórnarfundur skal halda minnst fjórum sinnum á ári, þar a.m.k. tvisvar á haustönn og tvisvar á vorönn.

6.gr. Aðalfundur skal halda ekki síðar en 10. maí ár hvert og telst hann löglegur ef til hans er boðað með a.m.k. viku fyrirvara. Á aðalfundi flytur fráfarandi stjórn félagsins skýrslu um störf félagsins á liðnu starfsári, lagðir eru fram reikningar og ný stjórn kosin.

7.gr. Á aðalfundi félagsins skal kjósa fulltrúa í skólaráð. Skólaráð starfar samkvæmt 16. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla.

8.gr. Ef 20 félagsmenn eða fleiri rita undir ósk um að haldinn verði almennur félagsfundur er stjórninni skylt að boða til slíks fundar. Boða skal til almenns félagsfundar með a.m.k. þriggja daga fyrirvara og innan tveggja vikna frá því að óskinn kemur fram.

9.gr. Stjórn félagsins skal í samstarfi við bekkjarkennara sjá til þess að kosið verði í bekkjarráð. Í ráðið skal velja 2 til 3 fulltrúa úr hópi

foreldra/forráðamanna barna í hverri bekkjardeild. Stjórn félagsins skal boða bekkjarfulltrúa til sameiginlegra funda a.m.k. einu sinni á haustönn og einu sinni á vorönn.

10.gr. Hætti félagið störfum renna eigur þess til Lundarskóla.

11.gr. Lögum þessum má breyta á aðalfundi með einföldum meirihluta enda hafi lagabreytingar verið kynntar í aðalfundarboði.

12.gr. Stjórn foreldrafélagsins er heimilt að óska eftir því að foreldrar greiði framlag til félagsins. Þetta framlag er innheimt árlega og ákveðið á aðalfundi.

13.gr. Félagsstjórn skal ekki sinna eða hafa afskipti af vandamálum er upp kunna að koma á milli einstakra foreldra og starfsmanna skólans. Fulltrúar foreldra í skólaráði eru rétti aðilinn til að koma á framfæri athugasemdum eða viðhorfum foreldra við stjórn skólans.

Samþykkt á aðalfundi miðvikudaginn 23. apríl 2014.